

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Pétur Ingi Haraldsson, skipulagsfulltrúi
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



Reykjavík, 21. desember 2017
Tilvísun: 201712007 / 3.5

Efni: Breyting á deiliskipulagi við Árnes, Nónsteinn og Bugðugerði, Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur, með erindi dags. 1. desember 2017, sent Skipulagsstofnun breytingu á deiliskipulagi við Árnes, Nónsteinn og Bugðugerði, til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 1. nóvember 2017. Athugasemdir bárust á kynningartímanum. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í sveitarstjórn þann 15. nóvember 2017 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa um framkomnar athugasemdir, 5. júní 2017. Breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps er auglýst samhliða.

Deiliskipulagsbreytingin felst í stækkun lóðar og byggingareits Nónsteins. Íbúðalóðum við Bugðugerði fjölgar um tvær og leikskólalóð við Skólabraut verður íbúðalóð fyrir raðhús. Að auki er upphaflegur uppdráttur leiðréttur skv. nýrri hnitsettri og uppréttri loftmynd. Lóðir vestan megin við Hamragerði stækka og lega göngustíga breytist.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:2000, dags. 28. apríl 2017, með breytingum dags. 14. júlí 2017.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda vegna eftirfarandi:

- Skipulagsákvæði fyrir Nónstein eru ekki nógu markviss. Gera þarf grein fyrir þeirri starfsemi sem þar mun fara fram, hvort núverandi hús verði rífið, fjöldi bílastæða og fl. Einnig þarf afmörkun byggingareits að vera nákvæmari m.t.t. byggðamynsturs og ásýndar.
- Gæta þarf að því að grunnur utan deiliskipulagsbreytingar sé réttur.

Skipulagsstofnun minnir á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir
Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir